

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi. Deiliskipulagið tekur til svæðis við Víkurbraut 29, Iðjustíg 1, Krossmóa 2 og opin svæði í bæjarlandi og gerir ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum við Víkurbraut 29, atvinnuhúsnæði við Iðjustíg 1 og veitingahúsi við Krossmóa 2.

*Deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 6. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag við Hafnargötu 91 og 93.

Deiliskipulagið tekur til svæðis við Hafnargötu 91 og gerir ráð fyrir blandaðri starfsemi stofnana, þjónustu, verslunar og íbúða.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 13. febrúar 2004.*

**Viðar Már Aðalsteinsson,**  
frankvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.